

**Nd.**

#### **44. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Hjeðinn Valdimarsson,  
Haraldur Guðmundsson.

##### 1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skifta sólarhringnum í 3 vökur. Skulu  $\frac{2}{3}$  hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en  $\frac{1}{3}$  hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökum, að hver háseti hafi að minsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

##### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

#### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi í fyrra af 4. þm. Reykv. (Hj. V.) samkvæmt áskorun Sjómannafjelags Reykjavíkur, en var felt við 2. umr. málsins í neðri deild. Nú er frumvarpið flutt hjer á ný, með örlítilli breytingu frá því, sem það var, fyrir ítrekaðar áskoranir sjómanna og Sjómannafjelags Reykjavíkur.

Breyting sú, er hjer um ræðir, er fólgin í því, að vökuskiftum skal haldið óslitnum frá því skipið leggur úr höfn til veiða og af veiðum til hafnar. Ákvæði þetta er nauðsynlegt vegna þess, að allmargir skipstjórar vilja skýra lögín svo, að þeim sje heimilt að láta hásetana alla vaka undir þessum kringumstæðum. Í mörgum tilfellum getur það orðið hátt í tvo sólarhringa. Að öðru leyti vísast til greinargerðar við frumvarpið frá í fyrra (þskj. 136).